

FUNDARGERÐ

Higher Education Reform Expert fundur 22. júní 2015

Mættir: Gísli Fannberg, Friðrika Harðardóttir, Einar Hreinsson, Rebekka Silvía Ragnarsdóttir, Guðrún Geirsdóttir, Magnús Diðrik Magnússon, Anna Marsibil Clausen, Hallur Jónasson. Sigrún Magnúsdóttir (í fjarfundabúnaði). Rannís – María Kristín Gylfadóttir, Sigurður Óli Sigurðsson og Sigríður Vala Vignisdóttir.

Yfirlit yfir BORE verkefnið – staða einstakra verkefna. María Kristín Gylfadóttir verkefnisstjóri BORE fór yfir verkefnastöðuna. Framkvæmd sumra verkefna hefur frestast, aðallega tengd eftirfylgni með niðurstöðu Alþjóðadagsins og samstarfi við ráðuneyti í því að halda því Samtali áfram en ráðuneytið hyggur sjálft á stefnumótun fljótlega í tengslum við nýjar áherslur í fjárlagagerð. Áherslan undanfarið hefur mest verið á að vinna með Landssambandi stúdenta að þeirra stefnumótun og undirbúa og fylgja eftir gæðaráðstefnu (sjá lið 3 í dagskrá).

Hugarflug með Landssambandi stúdenta 27-28 mars 2018. Anna Marsibil Clausen og Hallur Jónasson fóru yfir hugarflugsfund sem þau ásamt Maríu verkefnisstjóra áttu með fulltrúum á Landsþingi LÍS í mars sl. Þar var unnið í 2 daga á Laugarvatni að stefnumótun varðandi alþjóðavidd í háskólastarfi sem ráðgert verði að verði fyrsta opinbera stefna LÍS. Stúdentarnir voru mjög ánægðir með þátttöku BORE í skipulagningu og framkvæmd hugarflugsins og munu Anna Marsibil og Hallur halda áfram að vinna með forsvarsmönnum LÍS að því að vinna að mótun stefnu um alþjóðavidd á næstu mánuðum en María mun vinna með LÍS að því að móta spurningalista um hindranir í því að fara í skiptináám sbr., verkáætlun BORE verkefnisins.

María sagði einnig frá því að Háskóli Íslands hefði óskað eftir því að hún sem verkefnisstjóri BORE myndi vinna með skólanum að skipulagningu og framkvæmd hugarflugs um alþjóðastefnu skólans næsta haust eða í byrjun árs 2016. Sérfræðingar frá öðrum skólum voru hvattir til að kynna fulltrúum innan síns skóla þennan möguleika á stuðningi frá BORE verkefninu.

Gæðaráðstefna „quality enhancement reflection conference“ 12 júní 2015. Sigurður Óli Sigurðsson, Magnús Diðrik Magnússon, Einar Hreinsson, Sigrún Magnúsdóttir og Rebekka Silvia Ragnarsdóttir sögðu frá ráðstefnu um gæðamál sem var haldin í Keflavík í byrjun júní. Ráðstefnan, sem var samstarfsverkefni BORE og Gæðaráðsins, með þátttöku norrænna sérfræðinga, tókst vel í alla staði. Unnin verður skýrsla með niðurstöðum og kynningum sem verður birt á vefsvæði BORE og Gæðaráðs. Í framhaldinu verður unnið að eftirfylgniráðstefnu með öllum háskólum sem er áætlað að halda í nóvember 2015. Sigurður sagði einnig frá áætlun um vinnu með LÍS varðandi þátttöku í gæðaúttektum innan sviða háskóla og ytri úttektum en ráðgert er að halda stutt námskeið með stúdentum í ágúst.

Staða háskólamála og Bologna Eftir Yerevan– yfirlit frá ráðuneyti

Una Strand Viðarsdóttir sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu og tengiliður Íslands við Bologna ferlis sagði frá áherslum innan Bologna sem voru samþykkt í Yerevan. Nokkrar umræður spunnust um áherslur Íslands innan samstarfsins og teningu við BORE áherslur, s.s. gæðamálin.

Næstu skref. Áfram verður unnið með stúdentum að gerð stefnu og undirbúningi fyrir könnun meðal þeirra um hindranir í þátttöku í skiptinámi. Sömuleiðis verður áfram unnið að öflun gagna um stuðning við nemendur sem hyggja á skiptinám (best practices) og undirbúningi fyrir þjálfun stúdenta varðandi þátttöku í gæðamálum. Sömuleiðis er gert ráð fyrir þátttöku fjölmargra sérfræðinga á PLA í Haag í lok október en ráðstefnan verður nýtt til að undirbúa þjálfunarnámskeið í gerð lærdómsviðmiða sem eru fyrirhuguð á fyrri hluta árs 2016.

María Kristín Gylfadóttir ritaði fundargerð